

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvenær má vænta þess að framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna taki gildi, en samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004 að hún yrði gerð? Hvernig hefur verið unnið að undirbúningi hennar og hefur verið haft samráð við heildarsamtök opinberra starfsmanna og sveitarfélaga?
2. Hafa verið teknar upp viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að gerðar verði sambærilegar framkvæmdaáætlanir um launajafnrétti kynjanna sem taki til almenna vinnumarkaðarins og hvenær má vænta niðurstöðu úr þeim viðræðum?